



Frá stofnun til heimilis
Frá áhorfanda til þátttakanda



Öldrunarheimili Akureyrar



Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) eru hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða og aðra þá einstaklinga sem hafa þörf fyrir búsetu í dvalar- og hjúkrunarrýmum. Auk aldraða íbúa Akureyrarkaupstaðar eiga aldraðir íbúar nágrannasveitarfélaga einnig kost á þjónustu á öldrunarheimilunum samkvæmt sérstökum samningi. Á Akureyri eru heimilin á tveimur stöðum í bæjarfélaginu; Hlíð við Austurbýggð og Lögmannahlíð við Vestursíðu.

Hlutverk Öldrunarheimila Akureyrar er að veita heildstæða þjónustu allt frá félagsstarfi, dagþjónustu og almennri umönnun til sérhæfðar hjúkrunar- og lækniþjónustu. Lækniþjónustan er veitt samkvæmt samningi ÖA og Sjúkrahússins á Akureyri. Stuðningur og samstarf við íbúa og fjölskyldur þeirra er órjúfanlegur þáttur þjónustunnar. Á ÖA er einnig boðið upp á hvíldarinnlagnir, endurhæfingu og ýmsa aðra stoðþjónustu. Á vegum ÖA er rekið mótuneyti, þvottahús og lítil verslun, auk þess sem boðið er upp á iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, fjölbreytt félagsstarf, margs konar afþreyingu o.fl. Í Hlíð eru reknar hársnyrti- og fótaaðgerðastofur.

Gildi Öldrunarheimila Akureyrar eru grundvölluð á Eden hugmyndafræðinni: *Umhyggja, virðing, samvinna og gleði*. Umhyggja felst í virðingu fyrir manneskjunni sjálfri, sjálfræði hennar og velferð og endurspeglast í góðri samvinnu milli starfsfólks, íbúa, aðstandenda og annarra notenda þjónustunnar. Gleðin er í senn uppspretta og afrakstur uppbyggilegra samskipta. Augnablikið er tækifæri sem er mikilvægt að nýta.

Stefna Öldrunarheimila Akureyrar er samofin stefnu Akureyrar-bæjar um þjónustu og starfsmannamál sbr. þjónustustefnu, Mannauðsstefnu og Jafnréttisáætlun. Allir þættir í starfsemi Öldrunarheimila Akureyrar stefna markvisst að því að tryggja íbúum vistlegt heimili, hjúkrun, þjálfun og aðhlynningu eftir þörfum hvers og eins og að veita ávallt bestu mögulegu þjónustu með sérstaka áherslu á vellíðan og ánægju íbúa.



Samstarf



Vellíðan



Tækifæri

Heimilin okkar

Öldrunarheimili Akureyrar reka fimm vistleg heimili eða einingar á tveimur stöðum fyrir alls 186 íbúa. Þar af eru hjúkrunarrými fyrir 151, dvalarrými fyrir 18 og 17 hjúkrunarrými fyrir hvíldar-/skammtímadvöl. Öldrunarheimilin hafa það að leiðarljósi að koma til móts við vaxandi kröfur um aðbúnað íbúa enda er það eitt af stefnumálum ÖA að þjónustan sé ávallt í hæsta gæðaflokki og veitt samkvæmt bestu þekkingu á hverjum tíma.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð hefur lengstan starfsaldur af öldrunarheimilum Akureyrarbæjar. Heimilið er staðsett við Austurbyggð 17 en þar eru í dag 141 íbúi og flestir eru í hjúkrunarrýmum.

Í Hlíð eru fjögur heimili auk raðhúsa og dagþjónustu í Grænuhlíð. Samtals 10.500 m² að stærð. Heimilið var vígt 29. ágúst 1962 á 100 ára afmæli Akureyrarbæjar. Fyrstu heimilismenn voru 7 talsins og var yfirlýstur tilgangur með rekstri heimilisins að veita öldruðu fólki á Akureyri heimilisvist með svo vægum kjörum sem unnt væri. Frá þeim tíma hefur heimilið stækkað og starfsemin breyst.



Hjúkrunarheimilið Lögmanshlíð

Lögmanshlíð er nýtt og glæsilegt hjúkrunarheimili að Vestursíðu 9. Þar eru í dag 45 íbúar og flestir eru í hjúkrunarrýmum.

Hjúkrunarheimilið var vígt 29. ágúst 2012 á 150 ára afmæli Akureyrarbæjar og tekið formlega í notkun 1. október sama ár en þá fluttu 45 aldraðir íbúar úr óhentugu húsnæði í Kjarnalundi og Bakka-hlíð í nýja hjúkrunarheimilið, í bestu aðstæður sem völ er á á nútíma hjúkrunarheimili.

Lögmanshlíð er fyrsta hjúkrunarheimilið á Íslandi sem hannað er í anda Eden hugmyndafræðinnar þannig að aðstæður á heimilinu styðji við vinnu við hugmyndafræðina. Hjúkrunarheimilið er 3.375 m² að stærð og samanstendur af fimm stórum einbýlishúsum/heimilum fyrir 9 íbúa hvert.





4

Eden hugmyndafræðin

Öldrunarheimili Akureyrar starfa samkvæmt Eden hugmyndafræðinni og hafa fengið alþjóðlega viðurkenningu sem fullgild Edenheimili. Höfundur hugmyndafræðinnar er bandarískur læknir að nafni William Thomas. Með rannsóknum sínum komst hann að því að einmanaleiki, vanmáttarkennd og leiði eru aðalástæður vanlíðunar hjá íbúum öldrunarheimila. Þá vanti innihald í lífið og tilgang til að lifa.

Með Eden hugmyndafræðinni er unnið gegn þessum þáttum til þess að auka lífsgæði íbúanna svo þeir eignist líf sem vert er að lifa.

Heimilið

Á Edenheimili ríkir samkennd, hjartahlýja og virðing. Þar er lífið innihaldsríkt og gefandi fyrir íbúa og starfsfólk. Á heimilinu gengur starfsfólkið ekki í sérstökum einkennis-

fatnaði og allt umhverfið er heimilislegt með persónulegum munum sem geyma góðar minningar. Íbúar geta látið mála herbergin í sínum uppáhalds lit og sett upp eigin gardínur. Þeir eru hvattir til að taka með sér persónulega muni og blóm til þess að gera umhverfi sitt eins heimilislegt og kostur er. Gæludýr eru velkomin að höfðu samráði við aðra á heimilinu.

Í tengslum við 150 ára afmælisár Akureyrarbæjar og Eden hugmyndafræðina var unnið að úrbótum á lóð Hlíðar. Aðgengi var bætt, útbúinn matjurtagarður og matjurtakassar, reist 10 m² Hænsnahöll og hita-lagnir lagðar í gangstéttar. Að þessu verki komu margir dyggir stuðningsaðilar með fjárstuðningi og ráðgjöf.

Í lok afmælisársins þótti Hænsnahöllin við Hlíð, sem laðað hafði stóra og smáa að og fjölgað heimsóknnum, svo markvert framtak að ÖA voru veitt Nýsköpunar-verðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu.

Á árinu 2013 hlaut Hlíð viðurkenningu fyrir snyrtilega og vel hirta lóð.

THE LINDE GROUP

www.linde-healthcare.is

ÞRÚ GÓÐ AÐ NORÐAN

BRAUDGERÐ KR. JÓNSSONAR & CO.



Íbúar

Á Edenheimili á íbúum að líða eins og heima hjá sér. Íbúar heimilisins eru hvattir til að láta starfsmenn vita af óskum sínum og taka eins mikla ábyrgð á lífi sínu og þeir treysta sér til. Ákvarðanataka á að vera eins mikið og mögulegt er í höndum þeirra sjálfra eða nánustu aðstandenda. Íbúar eiga að hafa tækifæri til að taka virkan þátt í daglegu lífi eins lengi og áhugi og geta leyfir. Það gefur lífinu gildi og tilgang þrátt fyrir þverrandi heilsu og minnkandi getu.

Aðstandendur

Ættingjar og vinir eru sérstaklega mikilvægir í lífi íbúa þegar og eftir að flutt er á öldrunarheimili. Þeir eru hjartanlega velkomnir hvort sem er í heimsóknir eða til að vera þátttakendur í daglegu lífi íbúans á annan hátt. Velkomið er að nýta aðstöðuna á hverju heimili, eldhús og stofur. Fólk er hvatt til þess að koma, nýta aðstöðuna og gera sér glaðan dag með íbúunum.



Fagleg og persónuleg þjónusta

Hafðu samband
og við sendum
þér TENA
bæklinginn.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is





6



Tómstundaiðja



Þjálfun

Þjónustan

Hjúkrunarheimili

Hjúkrunarheimilin standa einnig þeim til boða sem eru veikir eða þurfa á þeirri þjónustu að halda sem veitt er á hjúkrunarheimilum. Dvalarrými er ætluð öldruðum einstaklingum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu, en hjúkrunarrými ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum.

Dagþjónusta

Dagþjónustan við Öldrunarheimili Akureyrar hefur það að markmiði að auðvelda öldruðum að búa sem lengst á eigin heimili og er þannig stuðningsúrræði við þá sem að staðaldrif þurfa eftirlit og umsjón til að geta búið lengur heima.

Í dagþjónustu er boðið upp á flutningsþjónustu, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, félagsráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Hvíldarinnlagir

Á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar eru 17 hvíldarrými. Rými þessi eru einbýli og eru veitt í allt að 8 vikur í senn eða eftir samkomulagi.

Hvíldarinnlögn er hugsuð sem eitt af úrræðum til þess að fólk geti dvalið sem lengst heima, en í dvölinni getur fólk byggt sig upp og ættingjar hvílast á meðan.

**HEIMSENDINGAR
UM LAND ALLT**



Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna



Lyfjum er pakkað í skammta sem eru í sérmerktum pokum á rúllu. Lyfjarúllurnar eru keyrðar út til viðskiptavina, þær sendar á landsbyggðina eða sóttar í apótekið. Hringdu og fáðu bækling sendan heim.

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíó mán-fös 8.30-18 og lau 10-14



APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



Iðjupjálfun

Iðjupjálfar Öldrunarheimila Akureyrar vinna samkvæmt hugmyndafræði iðjupjálfunar sem og Eden hugmyndafræðinni sem innleidd hefur verið á öldrunarheimilin. Markmið iðjupjálfunar er að viðhalda getu og auka færni íbúa við iðju með fræðslu, ráðgjöf og þjálfun.

Iðjupjálfar veita íbúum allra heimilanna þjónustu. Notendur skammtímadvalar, dagþjónustu og félagsstarfs geta einnig nýtt sér þjónustu iðjupjálfa.

Sjúkrapjálfun

Markviss þjálfun og hreyfing eykur lífsgæði íbúa öldrunarheimilanna og er reynt að sjá til þess að sem flestir njóti hreyfingar sem oftast. Boðið er upp á styrktaræfingar í tækjum, jafnvægisæfingar, liðkandi æfingar og göngu- og þolþjálfun með umsjón sjúkrapjálfa og aðstoðarmanns. Þeir sem þurfa sértæka meðferð fá einnig einstaklingsmeðferð.

Sjúkrapjálfar annast val og pöntun, skráningu og létt viðhald á hjólastólum og öðrum hjálpartækjum fyrir íbúa öldrunarheimilanna.

Iðjan, félagsstarf og viðburðir

Í Hlíð, í „hjarta hússins“ er miðstöð félagsstarfs öldrunarheimilanna. Markmið félagsstarfsins er að leita leiða til að virkja og viðhalda andlegri og líkamlegri færni íbúa og um leið að skapa vinalegt og þægilegt andrúmsloft þar sem öllum líður vel. Reynt er að höfða til einstaklingsins, styrkja færni hans og sjálfsmynd.

Boðið er upp á fjölbreytta tómstundaiðju s.s. handverk, upplestur, spurningahópa, leikfimi, spilavist, bingó, keilu, myndasýningar og ýmsar skemmtanir tengdar árstíðum.

Sjálfboðaliðar hafa á liðnum árum sett sterkan svip á starfsemi á Öldrunarheimilum Akureyrar og eru nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum s.s. kráarkvöldum, þorablótum og einstaka tónlistarskemmtunum. Einnig hafa fyrrum starfsmenn Hlíðar sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“ komið í heimsóknir og aðstoðað við vikulega viðburði á Kaffi Sól. Nemendur framhaldsskólanna koma í heimsóknir, starfskynningar og önnur verkefni.

Þá eru ótaldar heimsóknir „vinaskóla og vinabekkja“ á grunnskóla og leikskólastigi. Margir sönghópar, skemmtikraftar o.fl. bjóða upp á hina fjölbreyttustu skemmtun og er allt slíkt vel þegið og ánægjuleg tilbreyting í tilveru.

Benecol
Inniheldur plöntustanólester sem lækkar kólesteról
Kólesteról er áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóma

EINLEIÐ STÖRSTU UPPTÖKUM
MEÐ
PLÖNTUSTANÓLESTER
/ NÆRINGU

ms.is/benecol



8

Starfsmenn við Öldrunarheimili Akureyrar eru alls um 300 í um 200 stöðugildum. Starfsmennirnir eru með margs konar menntun og er lögð áhersla á fjölbreytta fræðslu og starfsþróun/endurmenntun sem stendur öllum starfsmönnum til boða. Öldrunarheimilunum hefur fylgt mikið starfsmannalán í gegnum tíðina. Allmargir starfsmannanna hafa starfað á heimilunum í 1-2 áratugi og skapast við það stöðugleiki og reynsla sem er íbúum og þjónustunni mjög mikilvæg.

Almennur tilgangur og markmið samþættingarinnar er að auka sjálfsstjórn sveitarfélagsins, laga stjórnsýsluna að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúana og nýtingu fjármagns.

Sérgreind markmið með verkefninu hafa m.a. verið að samhæfa framkvæmd heilsugæslu- og öldrunarþjónustu og að efla heilsuvernd í umdæminu ásamt því að draga úr stofnanadvöl aldraðra með eflingu og samhæfingu allrar heimaþjónustu.

Akureyrarmódelið

Samþætting þjónustu

Akureyrarbær hefur frá árunum 1996 og 1997 haft þá sérstöðu meðal sveitarfélaga að hafa umsjón með málefnum fatlaðra, heilsugæslu og öldrunarþjónustu samkvæmt samningum við ríkið og hafa jafnframt unnið markvisst að þróun þjónustunnar og samþættingu þessara þátta við almenna þjónustu sveitarfélagsins.

Margar nýjar lausnir hafa orðið til vegna samstarfs og samþættingarinnar og má þar m.a. nefna heilsueflandi heimsóknir til aldraðra. Félagsmálaráð Akureyrarbæjar hefur frá byrjun haft yfirumsjón með þeim málaflokkum sem samþættingin nær yfir og hefur þannig verið í lykilaðstöðu til að stýra áherslum og forgangsraða þjónustu. Þessi yfirsýn hefur ýtt undir mörg þróunarverkefni og nýbreytni í þjónustu sem vakið hafa athygli á landsvísi og hefur fyrirmyndin að samþættingunni í daglegu tali verið kölluð Akureyrarmódelið.



VELKOMIN Í
LÆGRA
LYFJAVERÐ

ÞAÐ ER HOLLT AÐ SPARA

 **Apótekið**
– einfalt og ódýrt

Apótekið Akureyri - Hagkaupshúsinu • Sími 461 3920 • www.apotekid.is • Opið virka daga kl. 10-18.30 og laugardaga kl. 11-16



Lífsgæði



Skilvirkni



Öryggi



Velferð



Stöðugleiki

Velferð og tækni

Öldunarheimili Akureyrar ákváðu í byrjun árs 2013 að setja velferðartækni á dagskrá sem m.a. er fólgin í því að gera öldruðum kleift að nýta sér tölvutækni til að auka lífsgæði. Rekja má ákvörðunina til tillagna vinnuhóps um viðhorf til öldrunarþjónustunnar á Akureyri, Eden hugmyndafræðinnar og ráðstefnu um velferðartækni en verkefnið er dyggilega stutt af atvinnulífinu.

Áhersla er lögð á markvissa þróun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu og samnýtingu upplýsinga til að auka gæði, öryggi, hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

Í ársbyrjun 2014 tengdust Öldunarheimilin á Akureyri Sögu, rafrænni sjúkraskrá með samstarfi við heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi eystra.

Markmið með rafrænu sjúkraskránni Sögu er að koma á fót samræmdri, öruggri og ítarlegri skráningu heilbrigðisgagna, ásamt því að auðvelda boðskipti innan heilbrigðisþjónustunnar. Í Sögu eru skráðar upplýsingar um einstaklinga, heilsufarsleg vandamál þeirra og samskipti við heilbrigðisstarfsfólk. Saga gefur góða yfirsýn yfir skráningu og vinnslu upplýsinga er varða t.d. heilsufar, gæði og faglega starfsemi.

KJARNAFÆÐI


Heilindi

Stuðningur

Samráð

Fagmennska

Gæði og þróun

Í október 2012 var stofnað til notendaráðs Hlíðar. Markmið notendaráðs við öldrunarheimili Akureyrar er að stuðla að aukinni þátttöku og áhrifum íbúa og aðstandenda á starfsemi ÖA. Tilgangur notendaráðs er að fjalla um hagsmunamál íbúa og aðstandenda og vera samráðsvettvangur þeirra og stjórnenda við ÖA. Á fundum ráðsins er upplýsingum miðlað í því skyni og um þróun þjónustunnar og stefnu á hverjum tíma.

Notendaráð fundar að jafnaði mánaðarlega. Notendaráðið er eðlileg viðbót við aðstandendafélagið og er einnig hluti af því að auka þátttöku íbúa og virkni samkvæmt Eden hugmyndafræðinni.

Þrisvar á ári er gert RAI-mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu koma fram gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI-mati fyrir árin 2009 til 2012 sýnir viðvarandi jákvæða þróun á sjö af tíu gæðavísum. Unnið hefur verið markvisst að hjúkrunarskráningu og gæðamálum með vinnu við gerð gæðahandbókar.


Horft til framtíðar

Framtíðarsýn Öldrunarheimila Akureyrar er að vera leiðandi í hjúkrunar- og öldrunarþjónustu á Íslandi þar sem öll umönnun, almenn sem sérhæfð byggir á fræðilegum grunni, fagmennsku og heilindum. Hugmyndafræði Eden verði í hvítetna höfð að leiðarljósi sem einn helsti lykillinn að auknum lífsgæðum íbúa og annarra þjónustuþega.

Stefnt er á að þjónusta ÖA sé ávallt í hæsta gæðaflokki og veitt samkvæmt bestu þekkingu á hverjum tíma og lögð áhersla á að hverfa frá stofnanabrag og skapa heimilislegt umhverfi.

Stefna og langtímaáherslur

- Að vinna eftir og viðhalda hugmyndafræði Eden.
- Að jákvætt starfsumhverfi, virðing og stuðningur laði að hæfasta starfsfólkið til starfa. Að lausnarmiðuð viðhorf og metnaður séu lögð til grundvallar við að mæta þörfum íbúanna og uppfylla árangursviðmið þjónustunnar.
- Að koma á formlegu samstarfi við háskóla og stuðla þannig að nýsköpun og þróun með rannsóknum og fræðilegri eflingu.
- Að heimilin séu rekin á sem hagkvæmastan hátt og ávallt innan fjárhagsramma. Einnig að stjórnskipulag og ábyrgðasvið séu skýr.



Við gerum HREINT!



Hreint fékk afhenta vottun Svansins þann 25. júní 2010 og þar með komst fyrirtækið í fremstu röð hérlandis hvað varðar gæði í ræstingaþjónustu og lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa starfsmannar.

Hreint ehf. er öruggur valkostur á íslenskum ræstingarþjónustumarkaði, þar sem krafist er faglegra gæðavinnubragða í öllum þáttum þjónustunnar t.d. við ræstingu heilbrigðis- og hjúkrunarstofnanna, elliheimila og heilsugæslustöðva. Við búum yfir þekkingu og reynslu sem er vandfundin hér á landi og bjóðum hana á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, Akranesi og Hveragerði.

 **Hreint**
RÆSTING

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

- Reykjavík
- Akureyri
- Selfoss
- Akranes
- Hveragerði





ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS

AFASTELPA

- Hnappur sem getur bjargað
þínu lífi og þinna nánustu.



Securitas Akureyri, nánari upplýsingar í síma 460-6261

Hefur þú verið að léttast?

Er matarlystin lítil? Ertu með sár sem grær illa?



	300 kcal	
1000 IU D3 vitamin	200ml	20g prótín
	3g trefjar	



Rannsóknir sýna að með hækkandi aldri eykst hættan á vannæringu. Næringardrykkir með hátt orku- og próteininnihaldi geta m.a. viðhaldið eðlilegri þyngd, aukið styrk beina- og vöðva, minnkað fallhættu, aukið orku, fyrirbyggt sár og hjálpað til við sáragræðslu.

Resource Senior Activ® er eini næringardrykkurinn á markaðnum sem er sérhannaður fyrir þarfir aldraðra og inniheldur öll þau næringarefni sem líkaminn þarfnast.

Árangursrík leið er að skipta einni flösku (200 ml) uppí tvo til þrjá skammta yfir daginn en drykkurinn getur einnig staðið sem máltíð. Resource Senior Activ® drykkurinn er bestur kaldur og fæst með jarðarberja-, vanillu- eða karamellubragði.



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16 - 2.hæð. Ópið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is